



ÁRSFUNDUR STAPA LÍFEYRISSJÓÐS

HOFI 21. MAÍ 2014

# DAGSKRÁ FUNDARINS

---


1. Setning ársfundar
2. Skýrsla stjórnar, kynning og afgreiðsla ársreiknings og tryggingafræðilegt mat
3. Gerð grein fyrir fjárfestingarstefnu
4. Breytingar á samþykktum
5. Kosning stjórnar
6. Kosning löggilts endurskoðanda
7. Laun stjórnar
8. Önnur mál



## 2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

SKÝRSLA STJÓRNAR

BJÖRN SNÆBJÖRNSSON, STJÓRNARFORMAÐUR



2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG  
AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG  
TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

ÁRSREIKNINGUR 2013

KÁRI ARNÓR KÁRASON, FRAMKVÆMDASTJÓRI

# HREIN EIGN TIL GREIÐSLU LÍFEYRIS HÆKKAR UM 9%

Breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris (m.kr.)

	2013	2012
Iðgjöld	6.729	6.376
Lífeyrir	-3.967	-3.776
Fjárfestingartekjur	9.340	12.152
Fjárfestingargjöld	-79	-68
Rekstrargjöld	-180	-160
<b>Hækkun á hreinni eign</b>	<b>11.845</b>	<b>14.524</b>
Hrein eign frá fyrra ári	131.657	117.132
<b>Hrein eign í árslok</b>	<b>143.501</b>	<b>131.657</b>

# IÐGJÖLD




# ÞRÓUN IÐGJALDA

Iðgjöld tryggingadeildar standa svo til í stað að raunvirði (+0,9%) en séreignar lækka bæði að nafn- og raunvirði


### Iðgjöld tryggingadeildar (m.kr.)

■ Á verðlagi hvers árs ■ Á verðlagi ársins 2013 m.v. launavísitölu



### Iðgjöld séreignardeildardeildar (m.kr.)


■ Á verðlagi hvers árs ■ Á verðlagi ársins 2013 m.v. launavísitölu



# STÆRSTU IÐGJALDAGREIÐENDUR


15 stærstu launagreiðendur greiddu 36% iðgjalda Stapa árið 2013

Iðgjöld 15 stærstu launagreiðendanna hjá Stapa (m.kr.)






# ATVINNUGREINASKIPTING IÐGJALDAGREIÐENDA




# ALDUR GREIÐANDI SJÓÐFÉLAGA

Aldur iðgjaldagreiðenda 2013




Fjöldi og meðalaldur iðgjaldagreiðenda



# VANSKIL MINNKA

Eftir að hafa náð hámarki í kjölfar bankahrunsins hafa vanskil dregist verulega saman og nú hafa verið stöðug um nokkurt skeið




# LÍFEYRIR



# ÞRÓUN LÍFEYRISGREIÐSLNA


Lífeyrisgreiðslur tryggingadeildar 7,3% (3,3%)

■ Á verðlagi hvers árs ■ Áverðlagi 2013 mv. vísitöllu neysluverðs




Lífeyrisgreiðslur séreignardeild. (m.kr.) -49% (-51,5%)

■ Á verðlagi hvers árs ■ Á verðlagi 2013 mv. vísitölu neysluverðs




# SÉRSTAKAR LÍFEYRISGREIÐSLUR

Sérstakar útborganir hafa aukið verulega útlæði úr séreignardeild – dregið úr þeim í ár




# FJÖLDI LÍFEYRISÞEGA – FJÖLGUN UM 365

Fjöldi lífeyrisþega í tryggingadeild



# SAMSETNING LÍFEYRISGREIÐSLNA


Skipting lífeyrisgreiðslna






# ALDURSDREIFING LÍFEYRISÞEGA

Aldur lífeyrisþega 2013




# ÁSTÆÐUR ÖRORKU OG FJÖLDI ÚRSKURÐA 1 HVERN VIRKAN DAG

Ástæða örorku



Fjöldi örorkuúrskurða




# FJÁRFESTINGARTEKJUR



# YFIRLIT ÁVÖXTUNAR

Ávöxtun Stapa sl. 5 ár


■ Raunávöxtun ■ Nafnávöxtun



# FJÁRFESTINGARTEKJUR TRYGGINGAÐEILDAR

Fjárfestingartekjur tryggingaþeildar (m.kr.)


■ Á verðlagi hvers árs    ■ Á verðlagi ársins 2012 m.v. vísitölu neysluverðs



# FJÁRFESTINGARTEKJUR SÉREIGNARDEILDAR


Fjárfestingartekjur séreignardeildar (m.kr.)

■ Á verðlagi hvers árs ■ Á verðlagi 2013 m.v. vísitölu neysluverðs



# ÁHRIF GJALDMIÐLA

Áhrif gjaldmiðla á nafnávöxtun 2013 – gengisstyrking lækkar ávöxtun um 2,1%




# KOSTNAÐUR






# ÞRÓUN KOSTNAÐAR

Kostnaðarhlutfall sem hlutfall af meðalstöðu eigna




# SKIPTING REKSTRARKOSTNAÐAR

Hlutfallsskipting rekstrarkostnaðar 2013



# SAMANBURÐUR Á KOSTNAÐARHLUTFALLI

Hrein eign og kostnaðarhlutfall íslenskra lífeyrissjóða árið 2013



\*M.v. ársreikning ársins 2012

# EIGNASAMSETNING




# EFNAHAGSREIKNINGUR 31.12.2013

---

	2013	2012
Húseignir og lóðir	62	64
Verðbréf með breytilegum tekjum	50.209	42.245
Verðbréf með föstum tekjum	85.111	81.237
Veðlán	1.357	1.028
Bundnar bankainnistæður	2.739	2.726
Fullnustueignir	0	0
Kröfur	681	1.319
Aðrar eignir	4.220	4.378
Skuldir	-877	-1.340
<b>Hrein eign til greiðslu lífeyris</b>	<b>143.501</b>	<b>131.657</b>


# SAMSETNING EIGNA TRYGGINGAÐEILDAR

Eignasamsetning tryggingaþeildar í lok árs 2013 (lok árs 2012 í innri hring)




# SÖGULEG EIGNASAMSETNING EIGNASAFNS

Mánaðarleg eignasamsetning eignasafns frá janúar 1997




# RÍKISSKULDABRÉF – 50%







# ÖNNUR MARKAÐSSKULDABRÉF – 10%



# VEÐSKULDABRÉF – 3%

Samsetning veðskuldabréfa




Veðskuldabréf  
3%


- Veðskuldabréfasjóðir
- Önnur veðskuldabréf
- Veðskuldabréf sjóðfélaga

# ERLEND SKULDABRÉF - 3%


Samsetning erlendra skuldabréfa




# INNLEND HLUTABRÉF – 10%



# ERLEND HLUTABRÉF – 16%




# SÉRHÆFÐAR ERLENDAR FJÁRFESTINGAR – 4%




# SKAMMTÍMABRÉF OG INNLÁN – 4%

Samsetning skammtímaþréfa og innlána




# EIGNASAMSETNING SÉREIGNARSAFNA 31.12.2013

Ólík áhættustig endurspeгла mismunandi eignasamsetningu safna séreignardeildar







## 2. SKÝRSLA STJÓRNAR, KYNNING OG AFGREIÐSLA ÁRSREIKNINGS OG TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT

UNNIÐ AF BJARNA GUÐMUNDSSYNI,  
TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGI

# TRYGGINGAFRÆÐILEGT MAT – STAPI 2013

---

- Aðferðafræði og forsendur
- Niðurstaða Stapa 2013
- Breyting ársins 2013
- Sjóðfélagahópur Stapa

# AÐFERÐAFRÆÐI OG FORSENDUR

---

## Tilgangur athugunar:

- Kanna hvort eignir sjóðsins muni nægja til að kosta þau lífeyrisréttindi sem samþykktir sjóðsins kveða á um
- Athuginin felst í samanburði eigna og verðmætis iðgjalda við væntanleg útgjöld til greiðslu lífeyris og kostnaðar við rekstur
- Lög 129/1997 kveða á um árlega athugin eftir samræmdum forsendum og aðferðum

# AÐFERÐAFRÆÐI OG FORSENDUR

---

## Væntanleg útgjöld fundin:

- Upplýsingar fengnar um lífeyrisréttindi sjóðfélaga [ákvæði samþykkt um réttindaöflun]
- Áætlað hversu margir muni njóta lífeyrisgreiðslna og hve lengi
- Auk lífeyrisgreiðslna er metinn rekstrarkostnaður
- Loks er fundið er núvirði útgjaldanna m.v. 3,5% vexti
- **Mat unnið eingöngu miðað við núverandi sjóðfélaga**

# AÐFERÐAFRÆÐI OG FORSENDUR

---

## Mat eigna:

- Metnar eru áætlaðar iðgjaldatekjur með sama hætti og áætlun um útgjöld og fundið núvirði
- Frá dregst kostnaður vegna fjárfestinga
- Eignir sjóðsins koma fram í ársreikningi
  - » Við er bætt endurmati eigna, en þá er tekið tillit til þess ef eignir sjóðsins með fastar tekjur bera hærri vexti en 3,5%
  - » Eignir á markaðsverði lækkaðar ef áramótaverð er hærra en meðaltal 3ja síðustu mánaða

# AÐFERÐAFRÆÐI OG FORSENDUR

---

## Framsetning niðurstöðu:

- **Skuldbindingum** (útgjöldum) skipt í **áfallnar-** og **framtíðar**.
  - » **Áfallnar:** vegna réttinda sem sjóðfélagar eru búnir að ávinna sér
  - » **Framtíðar:** áætlaðar vegna réttinda sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að ávinna sér
- **Eignum** er skipt með sama hætti, í núverandi eignir sem mæta áföllnum skuldbindingum og verðmæti iðgjalda sem mætir verðmæti framtíðarskuldbindinga
- **Heildarskuldbindingar** eru samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga og eru bornar saman við samtölu eigna og verðmætis iðgjalda

# AÐFERÐAFRÆÐI OG FORSENDUR


---

## Helstu forsendur 2013:

- Vextir 3,5% umfram hækkun réttinda
- Lífslíkur íslenskar – reynsla árána 2007-2011
- Örorkulíkur íslenskar – reynsla lífeyrissjóða 1998-2002
- Forsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun
- Ákveðnar með l. 129/1997 og rg. 391/1998 sem einnig tilgreinir leyfileg vilmörk milli eigna og skuldbindinga

# ÁÆTLAÐAR TEKJUR OG GJÖLD


Áætlað sjóðsstreymi Stapa lífeyrissjóðs  
Tryggingafræðilegt uppgjör 31.12.2013





# ÁÆTLAÐAR TEKJUR OG GJÖLD

## Tekjur og gjöld



# ÁÆTLAÐAR LÍFEYRISGREIÐSLUR OG IÐGJÖLD

---

## ■ Lífeyrisgreiðslur & kostnaður

» Vegna lífeyrisþega	64,0
» Áunnið aðrir	277,6
» Vegna framt.iðgj.	377,2
» Rekstrarkostnaður	11,2
<b>Alls</b>	<b>730,0</b>

## ■ Eignir og tekjur

» Eign (m.endurmat)	139,0
» Iðgjöld	162,2
» Ávöxtun (3,5%)	332,6
<b>Alls</b>	<b>633,8</b>

# NIÐURSTAÐA

<b>TAFLA II. TRYGGINGAFRÆÐILEG STAÐA STAPA LÍFEYRISSJÓÐS 2013 – FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM</b>			
<b>Eignir</b>	<b>Áunnið</b>	<b>Framtíð</b>	<b>Heildar</b>
Eignir:	139.352,7		139.352,7
Endurmat:	-1.507,0		-1.507,0
Fjárfestingagjöld:	-316,0		-316,0
Örorkuframlag		5.005,1	5.005,1
Iðgjöld:		94.435,3	94.435,3
<b>Samtals:</b>	<b>137.529,7</b>	<b>99.440,4</b>	<b>236.970,1</b>
<b>Skuldbindingar</b>			
Ellilífeyrir:	119.887,1	74.058,2	193.945,3
Örorkulífeyrir:	19.909,2	17.133,4	37.042,6
Makalífeyrir:	7.972,6	4.333,4	12.306,0
Barnalífeyrir:	175,8	1.397,6	1.573,4
Kostnaður:	1.498,8	1.989,4	3.488,2
<b>Samtals:</b>	<b>149.443,5</b>	<b>98.912,0</b>	<b>248.355,5</b>
<b>Mismunur:</b>	<b>-11.913,8</b>	<b>528,4,</b>	<b>-11.385,4</b>
<b>Hlutf. af skuldb.</b>	<b>-7,97%</b>	<b>0,53%</b>	<b>-4,58%</b>

# NIÐURSTAÐA

---

- Staða sjóðsins er innan almennra marka l.129/1997:
- Ef munur milli eigna og skuldbindinga lífeyrissjóðs er minni en 5% er ekki skylda til að grípa til aðgerða
- Nú eru í gildi bráðabirgðaákvæði um tryggingafræðilega stöðu sem eru enn rýmri

# BREYTING FRÁ FYRRA ÁRI

---


- Tryggingafræðileg staða versnar lítillega frá fyrra ári
- Þá - 4,0%
- Nú - 4,58%
  
- Til að ná jafnvægi án skerðingar eða nýrra sjóðfélaga þyrftu raunvextir til framtíðar að verða um 3,74%
  
- Versnandi staða skýrist einkum af því að vextir að teknu tilliti til endurmats voru um 2,0%, nokkru lægra en 3,5% viðmið

## BREYTING ÁFALLINNAR SKULDBINDINGAR FRÁ FYRRA ÁRI

---

■ Lífeyrisskuldbinding 2012	<b>134,9</b>
■ Verðbætur 2013	4,9
■ Vextir, 3,5%	4,9
■ Greiddur lífeyrir	- 3,9
■ Nýjar skuldbindingar	6,8
■ Örorka umfr. fors	0,3
■ Alls lífeyrisskuldb. lok 2013	<b>147,9</b>


# YFIRLIT UM SJÓÐFÉLAGA




# YFIRLIT UM SJÓÐFÉLAGA

---

## Hlutfall fjölda



## Hlutfall áunnins réttar







### 3. GERÐ GREIN FYRIR FJÁRFESTINGARSTEFNU SJÓÐSINS

FJÁRFESTINGASTEFNA OG ÁVÖXTUN  
ARNE VAGN OLSEN, FJÁRFESTINGASTJÓRI

# FJÁRFESTINGARSTEFNA STAPA 2014



# FJÁRFESTINGARMARKMIÐ STAPA

---

Í fjárfestingarstefnu Stapa eru fjárfestingarmarkmið tryggingadeildar sjóðsins skilgreind:

- » Að ná að ávaxta sjóðinn þannig að hann standi undir skuldbindingum
- » Að ná 1-2% ávöxtun umfram verðbréfragrunn (viðmiðunarvísitölu) á hverju 5 ára tímabili
- » Að ná a.m.k. 0,5-1,0% ávöxtun umfram meðalsjóðinn á hverju 5 ára tímabili

# GERÐ FJÁRFESTINGARSTEFNU

---

- Stjórn Stapa ásamt starfsmönnum vinnur fjárfestingarstefnu sem skal skilað til FME fyrir 1. desember árlega
- Útgangspunktur stefnunnar er tryggingafræðileg staða sjóðsins sem skilgreinir um leið áhættuþol hans
  - » Þegar tryggingafræðileg staða er neikvæð er dregið úr áhættu og öfugt
- Þegar áhættuþol hefur verið skilgreint er sjóðnum sett áhættumarkmið og í framhaldinu fjárfestingarmarkmið
- Fjárfestingarmarkmið verður að fjárfestingarstefnu fyrir komandi ár
  - » Skilgreinir fjárfestingarheimildir ársins


# TRYGGINGAEIGNIR OG ÁVÖXTUNAREIGNIR

- Eignum Stapa er skipt í 8 eignaflokka og hver eignaflokkur skilgreindur sem tryggingaeign eða ávöxtunareign
- Tryggingaeignum er ætlað að ná a.m.k. sömu ávöxtun og skuldbindingar við flestar markaðsaðstæður á 1-3 ára tímabili
- Ávöxtunareignum er ætlað að auka ávöxtun umfram vöxt skuldbindinga til lengri tíma litið (+5 ár)

Eignaflokkur	Eðli eignaflokks
Ríkisskuldabréf	Tryggingaeign
Önnur markaðsskuldabréf	Tryggingaeign
Veðskuldabréf	Tryggingaeign
Erlend skuldabréf	Tryggingaeign
Innlend hlutabréf	Ávöxtunareign
Erlend hlutabréf	Ávöxtunareign
Sérhæfðar erl. fjárfestingar	Ávöxtunareign
Skammtímaþréf	Tryggingaeign

# HLUTFALL TRYGGINGA- OG ÁVÖXTUNAREIGNA

## SÖGULEG SAMSETNING EIGNA



# AUKIÐ HLUTFALL ÁVÖXTUNAREIGNA

---

- Aukið var við hlutfall ávöxtunareigna 2013 þrátt fyrir lakari tryggingafræðilega stöðu á milli ára
- Ástæðan er fyrst og fremst sú að tryggingaeignir hafa ekki ávaxtast í takt við skuldbindingar undanfarin ár
  - » Taldar meiri líkur á að auka ávöxtun með auknu hlutfalli ávöxtunareigna
- Heildaráhætta sjóðs hefur þó ekki aukist með aukningu ávöxtunareigna
  - » Dregið hefur verið úr áhættu í tryggingaeignum með því að auka hlutfall skammtímaeigna

# FJÁRFESTINGARHEIMILDIR 2014

Hámark innlendra hlutabréfa aukið úr 10% í 15%, annað óbreytt

Eignaflokkur	Fjárfestingarheimild	Hlutfall eigna í árslok 2013	Hlutfall eigna 1. maí 2014
Ríkisskuldabréf	0-65%	49,8%	46,0%
Önnur markaðsskuldabréf	0-25%	9,7%	9,0%
Veðskuldabréf	0-10%	3,0%	3,0%
Erlend skuldabréf	0-20%	2,6%	0,6%
Innlend hlutabréf	0-15%	10,2%	12,0%
Erlend hlutabréf	0-30%	16,5%	18,4%
Sérhæfðar erlendar fjárfestingar	0-30%	4,4%	4,1%
Skammtímabréf	0-30%	3,9%	6,9%
Samtals		100,0%	100,0%




# FJÁRFESTINGAMARKMIÐ 2014

---

Atriði	Markmið	Spábil	Sögulegt meðaltal
Markmiðsávöxtun	4,1%	2-7%	4,3%
Markmiðsáhætta	5,4%	2-9%	6,6%
Markmið í tryggingaeignum	65%	60-75%	71%
Markmið í ávöxtunareignum	35%	25-40%	29%


# SAMSETNING VIÐMIÐUNARVÍSITÖLU




# ÁVÖXTUN SJÓÐS



# ÁVÖXTUN 2013




Raun- og nafnávöxtun frá 2004




— Raunávöxtun — Nafnávöxtun

# 0,4% UNDIR VIÐMIÐUNARVÍSITÖLU Á ÁRINU

## Nafnávöxtun samanborin við viðmið




## Áhætta samanborin við viðmið




# 4,3% RAUNÁVÖXTUN Á ÁRSGRUNNI S.L. 20 ÁR

---




# ÁVÖXTUN ER UNDIR ÁVÖXTUN MEÐALSJÓÐS SÍÐUSTU ÁR...




# ...EN SAMBÆRILEG MEÐ MINNI ÁHÆTTU TIL LENGRI TÍMA

Ávöxtun á ársgrunni




Áhætta á ársgrunni





# EIGNASAMSETNING STAPA

## Samanborið við aðra innlenda lífeyrissjóði




Heimild: Seðlabanki Íslands (lok árs 2013)

# ÁVÖXTUN EIGNAFLOKKA OG VIÐSKIPTI 2013




# ÁVÖXTUN EIGNAFLOKKA OG ÁVÖXTUNARFRAMLAG 2013

## Nafnávöxtun




## Ávöxtunarfremlag



# INNLEND SKULDABRÉF

	Eign í upphafi árs	Ávöxtun ársins	Hrein viðskipti og aðrar greiðslur	Eign í lok árs	Nafnávöxtun
Ríkisskuldabréf	76.960	2.637	-7.014	72.584	3,7%
Önnur markaðsskuldabréf	11.930	753	1.383	14.066	5,7%
Veðskuldabréf	3.978	312	66	4.356	7,8%
Skammtíamabréf	5.251	260	126	5.637	4,4%
<b>Samtals</b>	<b>98.120</b>	<b>3.963</b>	<b>-5.439</b>	<b>96.643</b>	<b>4,2%</b>

Þróun vísitölu innleindra ríkisskuldabréfa 2013




- Í ríkisskuldabréfum var dregið úr óverðtryggðri eign sjóðsins á árinu (-8,9 ma. kr.) en einnig voru seldir verðbréfasjóðir fyrir 1,9 ma. kr. og á móti aukið við verðtryggð skuldabréf um 3,8 ma. kr.
- Aukning annarra markaðsskuldabréfa má fyrst og fremst rekja til kaupa á fasteignaveðtryggðum útgáfum sem skráðar eru í Kauphöll Íslands

# INNLEND HLUTABRÉF

Eignaflokkur	Eign í upphafi árs	Ávöxtun ársins	Hrein viðskipti og aðrar greiðslur	Eign í lok árs	Nafnávöxtun
Innlend skráð hlutabréf	2.823	1.596	6.333	10.751	28,6%
Innlend óskráð hlutabréf	3.098	415	-99	3.415	12,2%
Innlendar framtaksfjárfestingar	653	-137	237	753	-17,3%
<b>Samtals</b>	<b>6.574</b>	<b>1.874</b>	<b>6.471</b>	<b>14.919</b>	<b>19,2%</b>

Þróun OMXI6 vísitölu innlendra hlutabréfa 2013




- Stærstu viðskipti ársins í safni skráðra hlutabréfa voru kaup í Marel, Eimskipum og Icelandair auk hlutabréfasjóða
- Stærstu viðskipti í safni óskráðra hlutabréfa og framtaksfjárfestinga voru í AO fjárfestingafélagi ásamt ádrætti í fasteignafélaginu SRE II og framtaksfjárfestinum Kjölfestu

# ERLEND HLUTABRÉF

Eignaflokkur	Eign í upphafi árs	Ávöxtun ársins	Hrein viðskipti og aðrar greiðslur	Eign í lok árs	Nafnávöxtun
Skráð hlutabréf	3.912	685	6.521	11.118	9,7%
Framtaksfjárfestingar	14.327	150	-1.581	12.896	1,1%
<b>Samtals</b>	<b>18.239</b>	<b>835</b>	<b>4.940</b>	<b>24.014</b>	<b>4,0%</b>

Þróun MSCI heimsvísitölu hlutabréfa 2013




- Í safni skráðra hlutabréfa var fyrst og fremst fjárfest í heimsvísitölusjóðum hjá State Street og Blackrock auk þess sem fjárfest var í evrópskum arðgreiðslusjóðum.
- Í safni framtaksfjárfestinga var samþykkt áskriftarloforð í þrjá framtakssjóði auk þess sem núverandi sjóðir skiluðu töluverðri endurgreiðslu á árinu.

# ERLEND SKULDABRÉF

Eignaflokkur	Eign í upphafi árs	Ávöxtun ársins	Hrein viðskipti og aðrar greiðslur	Eign í lok árs	Nafnávöxtun
Ríkisskuldabréf	427	-11	-416	0	-2,7%
Önnur skuldabréf	2.848	-93	-7	2.748	-3,6%
Skammtímaþréf	3.490	-245	-2.266	980	-8,9%
<b>Samtals</b>	<b>6.765</b>	<b>-349</b>	<b>-2.688</b>	<b>3.728</b>	<b>-6,1%</b>

Þróun JPM vísitölu erlendra skuldabréfa 2013




- Erlend ríkisskuldabréf voru seld í upphafi árs
- Nokkrar breytingar gerðar á öðrum skuldabréfum, m.a. fjárfest í sjóði skuldabréfa með breytirétti og á móti seldir sjóðir skuldabréfa í fjárfestingaflokki (e. Investment grade).

# SÉRHÆFÐAR ERLENDAR FJÁRFESTINGAR

Eignaflokkur	Eign í upphafi árs	Ávöxtun ársins	Hrein viðskipti og aðrar greiðslur	Eign í lok árs	Nafnávöxtun
Marksjóðir	4.674	-133	-771	3.770	-3,3%
Fasteignasjóðir	2.014	-130	-89	1.796	-6,6%
Hrávörusjóðir	649	103	0	752	15,9%
<b>Samtals</b>	<b>7.336</b>	<b>-159</b>	<b>-860</b>	<b>6.318</b>	<b>-2,5%</b>

Þróun HFRI vísitölu marksjóða 2013




- Litlar breytingar voru gerðar á sérhæfðum erlendum fjárfestingum á árinu
- Einn marksjóður var seldur í upphafi árs og þess utan skiluðu fasteignasjóðir tæplega 100 m.kr. endurgreiðslu.



# EIGNIR Í ÁRSLOK 2013

## Samanborið við eignir í árslok 2012



# ÁVÖXTUN SÉREIGNASAFNA STAPA LÍFEYRISJÓÐS



# FJÁRFESTINGARHEIMILDIR SÉREIGNASAFNA


Eignaflokkar	Safn I	Safn II	Safn III
<b>Innlend skuldabréf</b>	<b>0-100%</b>	<b>0-100%</b>	
Innlend ríkisskuldabréf	0-100%	0-80%	
Traust innlend markaðsskuldabréf	0-20%	0-20%	
<b>Skammtímabréf og innlán</b>	<b>0-100%</b>	<b>0-80%</b>	<b>0-100%</b>
Skammtímasjóðir	0-25%	0-40%	
Verðtryggð innlán	0-100%	0-80%	0-100%
Óverðtryggð innlán	0-100%	0-80%	0-100%
<b>Innlend hlutabréf</b>	<b>0-20%</b>	<b>0-20%</b>	
<b>Erlend verðbréf</b>	<b>0-30%</b>	<b>0-50%</b>	
Erlend hlutabréf	0-20%	0-40%	
Erlend skuldabréf	0-20%	0-20%	
Erlend skammtímabréf		0-20%	
Erlend marksjóðir		0-20%	

Brackets in the original image indicate the following constraints:
 

- For Skammtímabréf og innlán: Safn I ≥ 65% and Safn II ≥ 40%.
- For Erlend verðbréf: Safn I ≤ 35% and Safn II ≤ 60%.


# ÁVÖXTUN SÉREIGNASAFNA 2013

Samanborið við viðmiðunarvísitölur



# ÁVÖXTUN SÉREIGNASAFNA S.L. 5 ÁR

---



# SAMANTEKT

---

- Töluverðar breytingar gerðar á eignasafni 2013
  - » Aukið við eign í innlendum og erlendum hlutabréfum
- Ávöxtun ársins litast af varfærinni fjárfestingarstefnu Stapa
  - » Stapi er áhættuminni en flestir aðrir íslenskir lífeyrissjóðir
  - » Stór hluti eigna er fjárfestur í innlendum skuldabréfum sem skiluðu slakri ávöxtun árið 2013
  - » Erlendir framtakssjóðir drógu einnig nokkuð úr ávöxtun en á móti skiluðu skráð innlend og erlend hlutabréf góðri ávöxtun
- Fyrstu fjóra mánuði ársins er ávöxtun yfir viðmiði
  - » Markaðir hafa þó verið sveiflukenndir og nokkur óvissa ríkir um framhaldið bæði innanlands og erlendis



### 3. GERÐ GREIN FYRIR FJÁRFESTINGARSTEFNU SJÓÐSINS

ÁHÆTTUSTÝRING

JÓNA FINNDÍS JÓNSDÓTTIR, ÁHÆTTUSTJÓRI

# ÁHÆTTUSTÝRING

---

- Markmið
  - » Hámarka líkur á að sjóðurinn standi við skuldbindingar.
  - » Stuðla að árangri og skilvirkni í starfsemi sjóðsins.
  - » Tryggja áreiðanleika fjárhagsupplýsinga.
  - » Tryggja hlítingu við lög og reglur.
  
- Framkvæmd
  - » Töluleg markmið áhættu við ávöxtun fjármuna.
  - » Vöktun ýmissa áhættuþátta.
  - » Hlíting við lög, tilmæli og reglur er könnuð.



# HELSTU ÁHERSLUATRÍÐI

---

- Mikil áhersla er lögð á eftirfylgni við fjárfestingar sjóðsins.
  - » Kostgæfniathuganir eru unnar á nýjum eignastýrendum og óskráðum eignum.
  - » Fjárfestingar eftir atvikum bornar undir framkvæmdastjóra, áhættustjóra og stjórn.
  - » Mánaðarlegar skýrslur um afkomu og horfur eigna.
- Eins er mikil áhersla lögð á réttmæti úrskurða lífeyris.
  - » Lífeyrisnefnd fer yfir alla úrskurði.
  - » Áhættustjóri og innri endurskoðandi fer yfir úrtak lífeyrisúrskurða.
- Aukin áhersla verður á næstunni lögð á upplýsingagjöf til sjóðfélaga.




# HELSTU ÁHÆTTUÞÆTTIR SJÓÐSINS



# SKERÐINGARÁHÆTTA

- **Skerðingaráhætta** er talsverð þar sem tryggingafræðileg staða sjóðsins var neikvæð um 4,6% í lok árs 2013.
  - » Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 kveða á um að sé tryggingafræðileg staða sjóðsins neikvæð um meira en 10% verði sjóðurinn að skerða.
  - » Sama gildir ef munur samkvæmt tryggingafræðilegum athugunum á milli eignarliða og lífeyrisskuldbindinga hefur haldist meiri en 5% samfelt í fimm ár.
  - » Ef spá sjóðsins skv. fjárfestingarstefnu um ávöxtun og áhættu eignaflokka gengur eftir þá eru um 40% líkur á að tryggingafræðileg staða sjóðsins verði neikvæð um meira en 5% í lok árs 2014.




# SKERÐINGARÁHÆTTA

- Þróun tryggingafræðilegrar stöðu næstu ár, m.v. núverandi tryggingafræðilega stöðu og framtíðar raunávöxtun.

Raunávöxtun	Fjöldi ára				
	1	2	3	4	5
6%	-3,3%	-2,0%	-0,6%	0,7%	2,2%
4%	-4,3%	-4,1%	-3,8%	-3,6%	-3,3%
3,50%	-4,6%	-4,6%	-4,6%	-4,6%	-4,6%
3%	-4,9%	-5,1%	-5,4%	-5,6%	-5,9%
2%	-5,4%	-6,1%	-6,9%	-7,6%	-8,4%
0%	-6,4%	-8,1%	-9,8%	-11,5%	-13,0%
-2%	-7,4%	-10,1%	-12,7%	-15,1%	-17,4%

# VERÐBREYTINGARÁHÆTTA

- Stærsti hluti eigna Stapa eru skráðar á markað og verð þeirra er breytilegt.
- Óskráðar eignir sveiflast líka í verði þó svo upplýsingar um verðbreytingar séu oft óaðgengilegar.
- Sjóðurinn er þó með varfærna fjárfestingarstefnu og flökt eignasafnsins í heild mælist nú lágt í sögulegu tilliti eða 3,4% (mælt sem 12 mánaða staðalfrávik, reiknað til árs).



# VERÐBREYTINGARÁHÆTTA - ÁHÆTTUÁÆTLUN


---

- Í árlegri fjárfestingarstefnu er sett upp áhættuáætlun vegna fjárfestinga, þ.e. töluleg markmið um markaðsáhættu.
- Markmið fyrir 2014:

Mældur áhættuþáttur	Markmið	Spábil	Sögulegt meðaltal
Staðalfrávik sjóðs	5,4%	2-9%	6,6%
Samanlagt staðalfrávik eignaflokka	10,7%	9-12%	10,8%
Áhættulækkun vegna áhættudreifingar	50%	40-55%	39%
Hlutfall tryggingaeigna	65%	60-75%	71%
Jákvæðir mánuðir	>75%	70-80%	71%

# VERÐBREYTINGARÁHÆTTA - ÁHÆTTUDREIFING


- Eignaflokkar bera með sér mismikla áhættu.
- Með því að blanda saman eignum úr ólíkum eignaflokkum minnka líkur á að eignasafnið í heild sveiflist eins mikið að markaðsvirði og hver eignaflokkur fyrir sig.






# VERÐBÓLGUÁHÆTTA

- Einungis 48% eigna sjóðsins eru verðtryggðar með vísitölu neysluverðs en allar skuldbindingar sjóðsins eru verðtryggðar.
- Ef vísitala til verðtryggingar hækkar um 10% þá versnar tryggingafræðileg staða um 3%.
- Verðbólguhorfur eru þó tiltölulega góðar fyrir árið 2014 en líkur eru á að hún aukist aftur snemma á næsta ári.



# LÝÐFRÆÐILEG ÁHÆTTA

- **Lýðfræðileg áhætta** íslenskra lífeyrissjóða er mikil.
- Við mat á tryggingafræðilegri stöðu sjóðsins og þeirri réttindaávinnslu sem samþykktir kveða á um er ekki tekið tillit til þeirrar leitni sem hefur verið í lengingu lífaldurs Íslendinga undanfarna áratugi.
- Nú eru notaðar lífslíkur árána 2007-2011 en ef tekið væri tillit til sænskrar spár um hækkandi lífslíkur væri tryggingafræðileg staða sjóðsins 8-9% verri en nú er reiknað með miðað við að upphaf lífeyristöku verði áfram óbreytt þ.e. við 67 ára aldur.



# EFTIRFYLGNI SJÓÐFÉLAGA



# IÐGJÖLD OG YFIRLIT RÉTTINDA

- Mikilvægt er að sjóðfélagar beri saman iðgjöld samkvæmt launaseðlum og yfirlit iðgjaldagreiðslna hjá Stapa.
- Senda sjóðnum launaseðla ef iðgjöld skila sér ekki.
- Sjóðfélagayfirlit eru send út tvisvar á ári til virkra sjóðfélaga.
- Sjóðfélagar geta fengið aðgang að sjóðfélagavef.

**www.stapi.is -> Vefur sjóðfélaga ->**



### Innskráning

Vinsamlega skráðu þig inn á Sjóðfélagavef

Kennitala:

Veflykill:

# ÁVINNSLA RÉTTINDA OG ÚRSKURÐIR LÍFEYRIS

---

- Samþykktir sjóðsins skilgreina:
  - » Hvernig sjóðfélagar ávinna sér réttindi í samræmi við inngreidd iðgjöld.
  - » Hvenær og hversu háan lífeyri sjóðfélagar fá úrskurðaðan.
- Áreiðanleiki úrskurða mikilvægur, bæði fyrir lífeyrisþega og sjóðinn í heild.
  - » Mikilvægt er að lífeyrisþegar skoði vel hvaða lífeyri þeir fá úrskurðaðan og leiti skýringa hjá sjóðnum séu þeir í vafa um einhver atriði.



#### 4. BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM

ENGAR BREYTINGAR Á SAMÞYKKTUM  
LIGGJA FYRIR Á ÁRSFUNDI 2014



## 5. KOSNING STJÓRNAR

# KOSNING STJÓRNAR

---

## Frá launagreiðendum:

- Skipaðir til tveggja ára:
  - » Aðalmaður: Ágúst Torfi Hauksson, Akureyri
    - Til vara: Erla Jónsdóttir, Blöndósi
  
  - » Aðalmaður: Unnur Haraldsdóttir, Hvammstanga
    - Til vara: Sigurður Sigurðsson, Akureyri
  
- Skipaðir til eins árs:
  - » Aðalmaður: Gunnþór Ingvason, Neskaupstað
    - Til vara: Þórunn Sif Harðardóttir, Akureyri
  
  - » Aðalmaður: Kristín Halldórsdóttir, Akureyri
    - Til vara: Björn Víkingur Björnsson, Kópaskeri



# STJÓRNARKJÖR - STÉTTARFÉLÖG

---

## Frá launamönnum:

### Fyrir í stjórn:

- Aðalmaður: Björn Snæbjörnsson – Eining- lðja, Akureyri, (á eftir ár af kjörtíma)
- Aðalmaður: Pálína Margeirsdóttir – AFL starfsgreinafélag, Reyðarfirði, (á eftir ár af kjörtíma)
- Varamaður: Sverrir Mar Albertsson – AFL starfsgreinafélag , Eskifirði, (á eftir ár af kjörtíma)

## Tillaga til ársfundar 2014

### Aðalmenn til tveggja ára:

- Þórarinn Sverrisson – Aldan stéttarfélag, Sauðárkróki
- Huld Aðalbjarnadóttir – Framsýn, Húsavík

### Varamaður til eins árs:

- Tryggvi Jóhannsson, - Eining- lðja, Akureyri

### Varamaður til tveggja ára:

- » Erla Björg Guðmundsdóttir, FVSA, Akureyri
- » Sigríður Dóra Sverrrisdóttir, AFL starfsgreinafélag, Vopnafirði



## 6. KOSNING LÖGGILTS ENDURSKOÐANDA

# KOSNING LÖGGILTS ENDURSKOÐANDA

---

- Tillaga:
  - » Deloitte hf., Akureyri
    - Knútur Þórhallsson, löggiltur endurskoðandi
    - Ragnar Jóhann Jónsson, löggiltur endurskoðandi




## 7. LAUN STJÓRNAR

# STJÓRNARLAUN

---

Tillaga um að stjórnarlaun verði óbreytt frá fyrra ári

- Stjórnarlaun 80.000 kr. á mánuði
- Varamaður: 40.000 kr. fyrir hvern setinn fund
- Formaður stjórnar 160.000 kr. á mánuði
- Varaformaður stjórnar 120.000 kr. á mánuði



## 8. ÖNNUR MÁL

# NÝTT KERFI -SAMANBURÐUR Á RÉTTINDAÁVINNSLU

BJARNI GUÐMUNDSSON, TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGUR



# NÝTT KERFI

---

- Flokkun lífeyriskerfa
- Núverandi kerfi
- Breytt uppsetning
- Samanburður
- Útfærsla á nýju kerfi



# FLOKKUN RÉTTINDAKERFA

---

Öflun lífeyrisréttinda er skipt í tvo megin flokka :

- Kerfi með skilgreindum réttindum (e: defined benefit)
- Kerfi með skilgreindum framlögum (e: defined contribution)
- **Kerfi með skilgreindum réttindum:** Réttindareglur sem kveða á um að fyrir tiltekinn starfstíma eða iðgjald ávinnist lífeyrisréttur, oft skilgreindur miðað við laun.
- **Kerfi með skilgreindum framlögum:** Reglur kerfisins tilgreina hversu háan hluta launa skuli leggja fram til lífeyrisréttinda.
- Kerfi með skilgreind réttindi komu fyrr fram, en kerfi ákvarðaðra framlaga eru nú orðin mun algengari .

# FLOKKUN RÉTTINDAKERFA

---

## Ákvörðuð réttindi

- **Einkenni kerfa með ákveðnum réttindum**
  - Eins og nafnið bendir til eru réttindin fasti.
  - Kostnaðurinn hins vegar breytilegur.
    - Ævilengd breytist
    - Afrakstur af ávöxtun iðgjalda óviss
- **Kerfin þurfa bakábyrgðaraðila**
  - Ríki eða sveitarfélag
  - Fyrirtæki
- **Erfitt hefur reynst að áætla kostnað áratugi fram í tímann**
  - Freisting er til að leggja ekki nægjanlega til hliðar fyrir þeim kostnaði sem safnast upp.
  - Bakábyrgðaraðilar vilja losna við þær óvissu skuldbindingar sem slíkum kerfum fylgja.

# FLOKKUN RÉTTINDAKERFA

---

## Ákvörðuð framlög

- **Einkenni kerfa með ákveðnum framlögum**
  - Eins og nafnið bendir til eru framlög föst
  - Réttindin verða breytileg
    - Ævilengd breytist
    - Afrakstur af ávöxtun iðgjalda óviss
- **Þau kerfi sem eru algengust nú eru kerfi m. ákveðnum framlögum**
- **Víða erlendis stefnt að lokun kerfa með ákvörðuð réttindi**

# FLOKKUN RÉTTINDAKERFA

---

## Hvernig eru íslenskir lífeyrissjóðir flokkaðir?

- Kerfi með ákveðnum réttindum
  - LSR B-deild, eldri sjóðir sveitarfélaga
  - LSR A-deild, LSS A-deild
- Almennir lífeyrissjóðir (t.d. Stapi)
  - Hlutfall iðgjalda af launum er fast
  - Og samþykktir kveða á um tiltekin réttindi
    - En.....
- Bakábyrgðaraðlinn er enginn, svo í reynd eru almennir lífeyrissjóðir með ákvörðuð framlög, og breytileg réttindi.

# NÚVERANDI KERFI

---

- Iðgjöld sem eru greidd til sjóðsins mynda bæði eignir og réttindi.
- Réttindi ávinnast miðað við fasta reiknireglu (réttindatöflu).
- Réttindataflan byggir á ákveðnum forsendum (3,5% raunvextir, lífslíkur, örorkulíkur o.s.frv.).
- Eignir eru ávaxtaðar á markaði þar til þær koma til útgreiðslu.

# NÚVERANDI KERFI

---

- Markaðsverðbréf sveiflast í verði og fyrir koma öfgakennd tímabil, bólur og kreppur.
- Réttindin fylgja ekki eignum.
- Verðmæti eigna mun því annað veifið víkja umtalsvert frá verðmætum réttinda.
- Gildandi lög segja að ef frávik milli eigna og réttinda eru umfram tiltekin mörk á að jafna muninn (aukning eða skerðing réttinda).
- Aðlögun réttinda að eignum er lögbundin.

# NÚVERANDI KERFI -AÐLÖGUN EIGNA OG RÉTTINDA

---

- Mörkin eru +/- 10% á hverju ári eða +/- 5% yfir hvert 5 ára tímabil.
- Þetta þýðir af ef eignir eru 10% hærrí en réttindi verður að hækka réttindi og ef eignir eru 10% lægri en réttindi verður að skerða réttindi.
- Ef eignir eru 5% hærrí en réttindi í 5 ár samfelld verður að hækka réttindi og á sama hátt ef eignir eru 5% lægri en réttindi í 5 ár samfelld verður að skerða réttindi.
- Lögin leggja það í hendur stjórnar og tryggingastærðfræðings að gera tillögu um framkvæmd.
- Tillagan er síðan afgreidd af ársfundi.

# NÚVERANDI KERFI -AÐLÖGUN EIGNA OG RÉTTINDA

---

- Hversu oft þarf að breyta réttindum ?
- Útreikningar miðað við sögulegan breytileika ávöxtunar benda til að á 40 ára inngreiðslutíma megi búast við 4 til 8 réttindabreytingum [Sjá : Nýtt kerfi – Stapi lífeyrissjóður].
- Á tíma lífeyristöku sem getur verið 20 ár eða lengri má svo búast við áframhaldandi breytingum.



# AÐLÖGUN MEÐ RÉTTINDABREYTINGU - HÆKKUN

---

- Þegar eignir hækka meira en réttindi verður til umfram eign.
- Eignir umfram verðmæti lífeyrisréttinda skapa ekki vandamál – en þennan mun ber að jafna út með hækkun á réttindum.
- Þegar það gerist er tilhneigingin að hækka réttindi og taka út alla umfram eignina – núllstilla sjóðinn.
- Hækkun gerist yfirleitt án þess að hún valdi miklum viðbrögðum.
- En ekki er endilega tryggt að hækkunin dreifist á sjóðfélaga í hlutfalli við framlag þeirra til afgangansins.

# AÐLÖGUN MEÐ RÉTTINDABREYTINGU - LÆKKUN

---

- Þegar eignir ná ekki að fylgja réttindum (hækka minna en réttindi) verður halli á sjóðnum.
- Til að jafna hallan þarf að lækka réttindi.
- Lækkun réttinda skapar vandamál.
- Tilhneigingin er að lækka minna en nemur lækkun eigna.
- Sjóðurinn er ekki núllstilltur og vandamálið skilið eftir að hluta - oft tekur langan tíma að jafna neikvæða stöðu.
- Þegar ekki er leiðrétt að fullu eru greiðandi sjóðfélagar eru að „niðurgreiða“ réttindi þeirra sem eiga í fyrir í sjóðnum.

# HVERS VEGNA ER LÆKKANIR ERFIÐAR?

---

- Sjóðfélaginn upplifir að áunnin réttindi séu eign sem ekki verði frá honum tekin.
- Samanburðurinn við sjóði með ákvörðuð réttindi er nærtæk, þau réttindi eru talin eign og varin af eignarréttarákvæðum stjórnarskrár.
- Ekki er skilningur á því að réttindin séu háð verðmæti eigna, enda gefa „réttindaákvæði“ samþykka ekki þá vísbendingu.
- Ekki er skilningur á því að eignir sveiflast í verði og lækkanir á eignamörkuðum verða alltaf annað veifið.

# LÆKKUN SÉRSTAKLEGA ERFIÐ FYRIR LÍFEYRISÞEGA

---

- Lífeyrisþegar eru í annarri stöðu en aðrir sjóðfélagar.
- Þeir eru farnir að lifa á lífeyrinum og lækkanir hafa því bein áhrif á afkomu þeirra.
- Samkvæmt lögum ber að greiða verðtryggðan lífeyri.
- Lífeyri þarf að hækka um verðbólgu og lækka síðan aftur þegar skerðingar eru.
- Þetta er afar óvinsælt.

# NÚVERANDI KERFI

---

- Samþykktir gefa til kynna að iðgjaldagreiðslur afli fastra réttinda.
- Gera má ráð fyrir að breyta þurfi réttindum sjóðfélaga nokkrum sinnum á inngreiðslutíma.
- Áframhald verði á breytingum á greiðslutíma lífeyris.
- Er þetta besta lausnin ?

# BREYTT UPPSETNING

---

- Fyrsta skrefið er að viðurkenna að réttindi, til lengri tíma litið, ráðast af ávöxtun eigna – ekki reiknireglu réttinda.
- Annað skrefið er að breyta kerfinu þannig að réttindi breytist í samræmi við ávöxtun eigna á hverjum tíma.
- Þetta þýðir auknar sveiflur í réttindamyndun.
- Lífeyrisréttindi myndu sveiflast á sama hátt og eignir.
- Mismunur á eignum og réttindum væri úr sögunni.

# HVAÐ MEÐ LÍFEYRISÞEGA?

---

- Hugsa má sér að eftir að taka lífeyris hefst sé lífeyrir áfram verðtryggður eða að lífeyrir tengist við áhættuminna eignasafn.
- Minnka má verulega líkur á að lífeyrisþegar fái skerðingar þegar áföll verða, en á sama hátt eru litlar líkur á að þeir fái hækkanir í góðærum.
- Svigrúm lífeyrissjóðsins til sveiflna í tryggingafræðilegri stöðu yrði nýtt fyrir lífeyrisþega, fyrir aðra sjóðfélaga eru réttindi aðlöguð eignum.

# Í RAUN EKKI MIKIL BREYTING

---

- Reynslan sýnir að þegar litið er til lengri tíma, þ.e. áratuga, þá verða c.a. 4-8 breytingar á réttindum (hækkanir og skerðingar).
- Réttindin taka því mið af eignum til lengri tíma litið.
- Er ekki rétt að viðurkenna það í verki og láta réttindin fylgja eignum í stað hækkana og skerðinga?
- Engar „millifærslur“ verða þá milli sjóðfélaga þar sem eignir og réttindi standast alltaf á.



# KOSTIR

---

- Losnum við galla aðlagana sem framkvæmdar eru í stórum skrefum.
- „Gagnsætt“ og skiljanlegra kerfi – ekki gefnar óraunhæfar væntingar um eðli réttinda.
- Gefur færi á að tryggja betur stöðugleika fyrir lífeyrisþega.
- Eftir því sem nær dregur töku lífeyris minnkar óvissa um hver lífeyrir verður.
- Engar „millifærslur“ verða þá milli sjóðfélaga þar sem eignir og réttindi standast alltaf á.

# HVER ER MUNURINN Á RÉTTINDAÁVINNSLU Í NÚVERANDI OG NÝJU KERFI?

---

## Núverandi kerfi:

- Réttindi samkvæmt reiknireglu með aðlögun að eignum ef of mikill munur verður á verðmæti eigna og réttinda.

## Nýtt kerfi:

- Réttindi á hverjum tíma eru miðuð við ávöxtun eigna. Aldrei er mismunur á eignum og skuldbindingum.

# HVAÐ UM ELDRI RÉTTINDI?

---

- Þessi breyting hefur ekki áhrif á eldri réttindi.
- Réttindi munu ávinnast skv. nýrri eignavísitölu – þ.e. miðað við ávöxtun sjóðsins frá þeim tíma sem nýja kerfið tekur gildi.
- Ávöxtun í framtíðinni mun þó alltaf hafa áhrif á eldri réttindi sama hvert réttindaávinnslukerfið er.

# UPPSETNING Á NÝJU RÉTTINDAKERFI

---

- Aukið gagnsæi :
  - » Áhrif ávöxtunar hvers árs sýnileg
  - » Auðveldara að sýna í hvað iðgjald sjóðfélaga fer


# Í HVAD FER IÐGJALDIÐ?

---


- Stapi er tryggingasjóður og allt iðgjaldið fer í tryggingar.
- Við 20 ára aldur fer um 40% af iðgjaldinu í áfallatryggingar þ.e. tryggingar fyrir örorku- og makamissi. Þetta smálækkar þegar líður á starfsævina. Yfir starfsævina í heild fer 75% í eftirlaun.
- Um 5% af iðgjaldinu til ellilífeyris fer í að tryggja ellilífeyri öryrkja (vegna framreiknings) - á móti því kemur 7% viðbót frá látnum sjóðfélögum.
- Af þeim hluta iðgjaldsins sem fer í áfallatryggingar, fer 70% í örorkulífeyri, 25% í makalífeyri og 5% í barnalífeyri.

# Í HVAD FER IÐGJALDIÐ?

## Skipting iðgjalds eftir á mismunandi aldri




## Skipting iðgjalds á starfsævinni




# IÐGJÖLD Í ELLILÍFEYRI

## Skipting iðgjalds vegna ellilífeyris





## Myndun ellilífeyrisréttinda



# IÐGJÖLD Í ÁFALLALÍFEYRI

Skipting á tryggingar hluta iðgjalds eftir aldri





# YFIRLIT SJÓÐFÉLAGA - 26 ÁRA

Uppsöfnun frá fyrra ári				279.226
Iðgjald		480.000		
Áfallatryggingar		-206.400		
Til söfnunar				273.600
Vextir ársins				14.248
Uppsöfnun				567.074
Mán. lífeyrir m,v vexti fram að töku lífeyris og óbreytt iðgjald				
2,50%		150.230		
3,50%		<b>203.528</b>		
4,50%		256.003		

# YFIRLIT SJÓÐFÉLAGA - 61 ÁRA

Uppsöfnun frá fyrra ári				20.585.822
Iðgjald		480.000		
Áfallatryggingar		-57.600		
Til söfnunar				422.400
Vextir ársins				634.591
Uppsöfnun				21.642.814
Mán. lífeyrir m,v vexti fram að töku lífeyris og óbreytt iðgjald				
2,50%		194.919		
3,50%		<b>203.528</b>		
4,50%		212.471		

# TILLAGA UM UPPTÖKU Á NÝJU RÉTTINDAKERFI



# TILLAGA

---

- Ársfundur Stapa lífeyrissjóðs, haldinn í Hofi á Akureyri 21. maí 2014, samþykkir að vinnu við gerð nýs réttindakerfis í anda þess sem kynnt var á fundinum verði haldið áfram.
- Stefnt verði að auka ársfundi haustið 2014, til frekari kynningar, og að tekin verði endanleg ákvörðun um nýtt kerfi á árfundi sjóðsins 2015.



TAKK FYRIR !